



## Umsögn skipulagsfulltrúa

Dags. 10. nóv. 2025  
One nr: 24102559, 2510880

### Heiti: Háholt Hnoðrahólts. Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og tillaga að nýju deiliskipulagi.

Efni: Svæði fyrir veitustarfsemi verður samfélagsþjónusta og deiliskipulag íbúðabyggðar.

#### Forsendur máls

9. október 2025 barst umsagnarbeðni frá Garðabær þar sem óskaði er eftir umsögn Kópavogsbæjar um breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir Háholt Hnoðrahólts og tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Um er að ræða mál nr. 1282/2024 og 488/2025 á skipulagsgátt. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar dags. 13. október 2025 var umsagnarbeðni vísað til verkefnastjóra aðalskipulags.

Breyting á aðalskipulagi felur í sér að:

- Svæði fyrir samfélagsþjónustu (S4.05) er felld út.
- Svæði sem áður var fyrir hitaveitutanka (I4.22) verður svæði fyrir leikskóla (S- 4.22). Þannig verður svæði sem áður var iðnaðarsvæði svæði fyrir samfélagsþjónustu.
- Afmörkun íbúðarsvæðis og opins svæðis breytt í samræmi og fyrirkomulag gatna aðlagað.

Tillaga að nýju deiliskipulagi felur í sér:

- Fyrirkomulag 77 íbúðareininga, þar af 26 einbýlishúsum, 41 raðhúsaeiningu, 2 parhúsaeiningum og 8 fjölbýliseiningum, ýmist á einni eða tveimur hæðum.
- Skipulag fyrir leikskóla og búsetukjarna.
- Í tillögu er fjallað um fyrirkomulag samgönguinnviða, settir skilmálar um gæði byggðar o.s.frv.

#### Umsögn skipulagsfulltrúa

Kópavogsbær gerir ekki athugasemdir við breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir Háholt Hnoðrahólts né tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið.

Virðingarfyllst f.h. skipulagsfulltrúa

Andrea Kristinsdóttir  
verkefnastjóri aðalskipulags

